

Kristólína Kristjánsdóttir — minning

MANUDAGINN 5. desember var til moldar borin, Kristólína Kristjánsdóttir, húsfreyja á Brimilsvöllum í Fróðárhreppi.

Hún var fædd að Bási í Eyrarsveit, dóttir hjónanna Sigurínu Þórðardóttur og Kristjáns Þorsteinssonar.

Ung að aldri fluttist hún með foreldrum sínum frá Bási og munu þau hjón hafa lengzt af haft búsetu á Haukabrekku í Fróðárhreppi.

Ekki mun heimilið hafa verið efnaðra en þá gerðist almennt. En snemma mun hún hafa haft mikla hneigð til mennta, þó sjálf-sagt hafi verið við ramman reip að draga í þeim efnum Samt tókst henni að komast í Kvenna-skóla Reykjavíkur. Hefir það ef-laust þótt mikið í ráðizt á þeim ár um og sennilega mjög fátítt að fá tækar bændadætur legðu í slíkt af eigin rammleik. En hún var gædd góðri greind og einbeittum vilja og hefir því ekki látið sér alla erfiðleika vaxa í augum. Lauk hún eftir það námi til undirbúnings kennarastörfum og stundaði síðan barnakennslu um hríð.

Haukabrekka er fyrir botni lít illar vikur girtri klettum á hlið- ar tvær. Bærinn stendur skammt fyrir ofan fjöruna. Þar rennur lítil á til sjávar, skiptir hún lönd um milli Haukabrekku og Brimilsvalla. Brimilsvellir er gamalt höfuðból, stærsta jörð þar um slóðir, og mun vera með beztu jörðum sýsunnar. Hefir þar verið stundað útræði um alda- raðir og jafnan margar hjáleigur fylgt jörðinni.

A þeim árum bjuggu þar Bjarni Sigurðsson hreppstjóri og Vigdís Sigurðardóttir. Var Bjarni traust

ur búhöldur og þau hjónin mikils metin. Son áttu þau Olaf að nafni. Voru þeir feðgar taldir mjög samhentir um búslu.

Þessum manni giftist Kristólína árið 1915, er þau voru bæði í blóma lífsins. Voru þau í hjóna bandi í rök 45 ár.



A Brimilsvöllum beið hennar mikið starf — heimilið stórt og gestkvæmt. Þar var nokkru síðar reist kirkja og síðar samkomu- hús sveitarinnar. Hefir hvort- tveggja haft í för með sér mik- inn gestagang og ærna fyrirhöfn. Er Bjarni tengdafaðir hennar dó, var Olafur maður hennar skip- aður hreppstjóri sveitarinnar.

Tóku þau nú ein við jörðinni og stýrðu búi sínu með skórun- skap, sem þeim var báðum lagið.

Heimilið var traust. Ætíð var þess gætt að nógur væri heyja- forðinn og búi húsfreyjunnar þraut ekki vistir.

Var gott að koma að Brimilsvöllum, aldrei spöruð fyrirhöfn

við gesti og þau hjónin jafnan hrókar alls fagnaðar.

Þau eignuðust sjö börn, en urðu fyrir þeirri sáru sorg að missa tvö þeirra. Dóttur 14 ára og son 21 árs. Er óþarft að ræða hvíllt áfall missir þeirra varð þeim, þótt þau bæru það með kjarki og stillingu.

Kristólína var skapfestu mann eskja, einbeitt og sköruleg hvar sem hún fór, góðviljuð og hjarta- hlý, en hreinskriptin í lund. Má segja að þessum eiginleikum hafi þau hjón bæði verið gædd — fals og undirferli voru þeim óþekktir eðlisþættir.

Börn þeirra sem lifa eru þessi: Sigurður, lyfjafræðingur í Reykjavík, Rögnvaldur, fram- kvæmdastjóri á Hellissandi, Björg, frú í Reykjavík, Bjarni, símtöðvarstjóri í Olafsvík og Hlf, ógift í Reykjavík. Þau sem dóu hétu: Hrefna og Kristján.

Margar eru minningarnar, sem í hugann koma er ég minnst frá Kristólínu. Brimilsvellir voru miðstöð sveitarinnar, þar var kirkjan og samkomuhúsið, þar var bréfabirðingarstaður og um árabli eini síminn í sveitinni. Þar að auki hafði Olafur maður henn ar tíðum flest þau sveitarstjórn- armál fyrir sveit sína, sem hægt var að koma á einn mann.

Leiðin lá því oft til Brimilsvalla hjá okkur, sveitungum þeirra hjóna. A ég margar ljúfar endurminningar um margar stundir yfir öll þau ár, er ég var í nágrenni við þau.

Það fylgdi Kristólínu alltaf hressandi andblær. Hún hafði ætíð lag á að tala við okkur ungl ingana og hafði góðan skilning á áhugamálum og viðfangsefnum okkar og hafði áhuga á viðleitni okkar ungmenna sveitarinnar til félagsstarfa. Þau hjón voru bæði trygg í lund og vinföst. Var sem þau ættu hvert bein í sínum fornu kunningjum er þá bar að garði úr fjarlægðinni eða fund- um bar saman annars staðar.

Þegar ég var í æsku á Brimilsvöllum, voru þar 8-9 hjáleigur. Munu að jafnaði hafa gengið það an 2 bátar.

Höfðu landsetar þeirra jafnan nokkurn búskap meðfram sjó- sókn. En sú varð þróun atvinnu- háttá Íslendinga og seint á 4. tug þessarar aldar lagðist þessi gamla verstöð niður — ásamt fleiri slík um — og hjáleigur fóru í eyði.

Mörg síðustu árin eftir að ég flutti úr sveitinni, sá ég ekki Kristólínu, en sagt var mér að hún, sem öldruð kona hefði hald- ið sinni meðfæddu reisu, þar til

hún veiktist snögglega og dó eftir stutta legu.

Nú hvílir heimasætan frá Hauka brekku í kirkjugarðinum við Brimilsvallakirkju, við hlið barna sinna og annarra gamalla sveitunga.

Langri og starfsamri æfi henn- ar er lokjð. Enn er fagu... á Brim ilsvöllum, sem fyrr, er hún tók þar við húsmóðurstöfum, enn er heildarsvipur þess staðar, sem hún fórnaði kröftum sínum í blíðu og stríðu, sá hinn sami.

En þar ræður nú enginn skipi sínu til hlunns lengur og frá hjá- leigunum stígur enginn reykur til himins.

Nú safnast til feðra sinna sú dugmikla kynslóð, sem kennd er við aldamótin — fólkið sem trúði á landið sitt og guð sinn.

En við, synir þeirra og dætur, geymum minninguna um þá kyn slóð í huga okkar og hugsun til þeirra gengnu samferðamanna okkar með virðingu og þökk fyr- ir þann dýra arf, sem það fólk skilaði okkur. Í þeim hópi manna og kvenna mun í minni vitund, minninguna um Kristólínu bera hátt.

En manni hennar, sem hefir svo mikið misst og börnum þeirra sendi ég mína innilegustu samúð- arkveðju.

Ólafur Brandsson.



Gullbrúðkaup

Í DAG eiga hjónin í Litlabæ á Vatnsleysuströnd, Abigail Halldórsdóttir og Ingimundur Guðmundsson 50 ára hjúskaparaf- mæli. Þau voru gefin saman í hjónaband í Kálfatjarnarkirkju, hinn 30. des. 1910.

Þau hófu búskap að Bjargi, en hafa nú í 26 ár búið í Litlabæ, sem er næsti bær við Bjarg.

Ingimundur er fæddur að Bakka í Kálfatjarnarhverfi 18. nóv. 1879 og hefur alið allan ald- ur á sömu slóðum.

Abigail er Vestfirðingur, fædd að Hóli í Öundurafirði 15. júlí 1880. Hún er móðursystir Guð- mundar Inga og Halldórs, hinna þjóðkunnna bræðra á Kirkjubóli Öundurafirði. Hún var góður inn flytjandi hér í hverfið, tíguleg og sviphrein, gáfuð og gestrisin, ekki fljóttekin en vinur vina sinna, og sú sem í raun reynist. Þeim hjónum hefur búnazt vel og unað glöð við sitt, samhent og dugleg, glöð og ræðin heim að sækja, enda fröð og minnug, og lesa mikið góðra bóka.

Þau reka enn búskap í Litla- bæ og ganga sjálf til allra verka auk þess sem Ingimundur hefur stundað sjó á vetrarvertíð og skipasmíðar fram á síðustu ár. Hann hefur og húsað jörð sína vel og gert miklar jarðabætur. Abigail er góð húsmóðir og myndarleg í verkum sínum, eins og heimili hennar ber vott um. Hún er mikil handavinnukona og þrjónar og saumar út enn í dag.

Þeim hjónum varð 3ja barna auðið, eitt dó í æsku en hin tvö eru búsett hér í Vatnsleysu- strandarhreppi.

Ég flyt þessum hjónum, sem nú eiga sitt gullbrúðkaup, þakk ir frá mér og heimili mínu fyrir langa og góða kynningu og árna þeim allra heilla á þessu merkis afmæli.

Gott og gleðilegt ár 1961.
Erlendur Magnússon,
Kálfatjörn.

Adenauer samdi

Bonn, 28. des. (NTB-Reuter). TALSMADUR ríkisstjórnarinnar í Bonn skýrði frá því í dag að samkomulag hafj loks náðzt um viðskiptasamning Vestur-Þýzka- lands og Sovétríkjanna, og yrði samningurinn væntanlega undir- ritaður í þessari viku.

Gildandi samningur ríkjanna rennur út um áramótin, en ágreiningur um Vestur Berlín hefur komið í veg fyrir samkomu lag hingað til. Í dag átti Adenauer kanzlari fund með sendi- herra Sovétríkjanna í Bonn, Andrej Smirnov og komust þeir að samkomulagi, sem ekki hefur verið birt.

RAGNAR JÓNSSON

hæstaréttarlögmaður
Vonarstr. 4 VR-húsið. Sími 17762
Lögfræðistörf og eignasýsla.

MALFLUTNINGSSTOFA

Einar B. Guðmundsson
Guðlaugur Þorláksson
Guðmundur Pétursson
Aðalstræti 6, III. hæð.
Símar 12002 — 13202 — 13602.

Zodiac
Sigurþór & Co
Hafnarstræti 4

Gler framtíðarinnar

getur verið á matborði yðar í dag


Durit

Hert gler með mestri mótstöðu gegn hnjaski, gegn snöggum hitabreytingum

Mikið vöruval af gerðum og litum

Biðjið um það í öllum sérverzlunum.

Bæheims gler —
aðeins frá Tékkóslóvakíu



GLASSEXPOR

Praha — Liberec — Tékkóslóvakía

